

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Bollasmári 6. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar fyrir lóðina nr. 6 við Bollasmára. Í breytingunni felst að neðri hæð hússins stækkar til vesturs um 11 m<sup>2</sup> undir nýja útbyggingu efri hæðar sem var samþykkt árið 2020. Byggingarmagn eykst úr 308,6 m<sup>2</sup> í 320 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,45 í 0,46. Bílastæði og aðkoma að lóð helst óbreytt.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 12. febrúar 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2024